

tollskyldar vörur sjeu sjer afhentar gegn því að hann greiði tollinn, þá skuli **50** fyrst reyna að selja vörur þessar þannig, að kaupandi greiði fullt aðflutnings- 20. apríl gjald eptir lögunum, en verði vörunum eigi komið út með þeim kjörum, þá skal bjóða þær upp án þessa skilyrðis, og taka svo mikið af gjaldinu sem fæst af andvirði varanna, og má eigi heimta það, sem vanta kann á aðflutningsgjaldið, greitt af hinum öðrum strandmunum.

Að því er snertir hinar aðrar kærur af hálfu hinna frakknesku stjórnarvalda um þetta efni, þá sjer ráðaneytið eigi ástæðu til að gera neitt frekara eptir að fengnar eru þær skýringar, er brjef amtsins inniheldur.

Þó skal það tekið fram, sem hjer segir. Í brjefi Havsteens amtmanns er því haldið fram, að eptir gildandi reglum sjeu ferðir lögreglustjóra til strands eingöngu gjörðar vegna strandmanna. Ráðaneytið getur eigi fallizt á þennan skilning á ákvæðum strandlaganna, því að, eins og sjá má af 3., 4. og 11. gr. 1. málslíð laganna, bera þau með sjer að nauðsyn getur verið á því að lögreglustjóri sje viðstaddur einnig vegna gózins. Þó er það í hvert skipti undir honum sjálfum komið, hvort hann fer til strands gózins vegna, og verður ráðaneytið sökum þess kostnaðar, sem ferðin hefir í för með sjer, að telja það rjett að hann eigi takist slíka ferð á hendur nema sjerleg þörf sje til.

Brjef landshöfðingja til bæjarfógetans í Reykjavík um neitun á 51
endurgreiðslu á útflutningsgjaldi — Í brjefi, dagsettu 11. f. m., hafið 7. maí þjer, herra bæjarfógeti, látið uppi álit yðar um erindi nokkurt frá verzlunarstjóra Ólafi Ámundasyni, þar sem hann fer þess á leit, að I. P. T. Brydes-verzlun verði endurgoldið útflutningsgjald af 49,649 pd. af saltfiski, er tvíborgað hafi verið.

Með vottorði afgreiðslumanns hins sameinaða gufuskipafjelags, konsúlaragents C. Zimsens, virðist sannað, að hingað hafi verið flutt aptur inn, til I. P. T. Brydes-verzlunar hjer, frá Skotlandi með gufuskipinu »Tejo« 24 tons 16 ctw. 1 Qw., — sem svarar hjer um bil til 49649 danskra punda — af saltfiski (löngu), sem skömmu áður hafði verið fluttur út hjeðan með gufuskipinu »Ceres« til Leith. Ennfremur má eptir atvikum taka gilda skýrslu nefnds verzlunarstjóra um það, að þessi sami fiskur hafi verið fluttur aptur út hjeðan með gufuskipinu »Moss«, og hefir þá verið borgað útflutningsgjald af honum bæði þá er hann fluttist út með »Ceres«, og einnig er hann fluttist út með »Moss«.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda, að með því að útflutningsgjald ber að greiða af öllum gjaldskyldum fiskiföngum, er flutt eru út á skipum, er afgreidd eru hjeðan frá landi til útlanda, og með því að engin heimild er til að endurgreiða rjettilega heimt útflutningsgjald, hvað sem um vöruna verður, getur ofannefnt erindi ekki orðið tekið til greina, sbr. landshöfðingjabrjef 20. febr. 1885 (Stjtið. 1885, B. bls. 28) og 15. ágúst 1890 (Stjtið. 1890, B. bls. 92).